

Tvískipt

**Hljóm-
plötur**

Finnbogi Marinósson

„Twisted sister“ Stay Hungry

Með miklum kjaftagangi, skrautlegum yfirlýsingum og ágætri plötu tókst Twisted Sister að vekja á sér töluverða athygli á síðasta ári. Platan var þeirra önnur breiðskifa og sá sem stóð fyrir kjaftaganginum var forsprakki flokksins, Dee Dee Snider. Fyrsta platan hafði verið léleg og þótti ekki gefa fyrirheit um að eitthvað rættist úr sveitinni. En hljómsveitin hefur ekki látið svartsýnishjal aftra sér og fyrir nokkru kom út þriðja breiðskifa flokksins og heitir hún „Stay Hungry“.

Á plötunni eru 9 lög og skiptast þau í tvo hópa, góðan og slæman. Þau lög sem góð eru á plötunni eru fyrstu tvö lögina á hvorri hlið. Titillagið er ágætt keyrslulag sem þarf nokkra hlustun áður en það kemur til. Trommuleikur A.J. Pero eyðileggur lagið að dálitlu leyti. Áslátturinn hefði mátt vera mun einfaldari og hægari. En lagið venst og batnar frá fyrstu hlustun. Næsta góða lag er „We're Not Gonna Take It“. Þar er takturinn gangandi og laglinan og uppbygging lagsins er í ætt bar-

Karlaveldi bárujárnsins storkað

**Hljóm-
plötur**

Sigurður Sverrisson

Lita Ford
Dancing On The Edge
Mercury/Fálkinn

Þær eru ekki margar konurnar/stúlkurnar/piurnar/gellurnar/skvísurnar (striktist út eftir smekk) sem lagt hafa til atlögu við bárujárnrokkinn. Enn færri hafa gert það af einhverju viti. Lita Ford er þó þar veruleg undantekning.

Á sínum tíma léku þær saman í hljómsveitinni Runaways, Lita Ford og Joan Jett, ef mig minnir ekki. Jett sló í gegn fyrir 2-3 árum með fyrstu sólóplötu sinni en hefur síðan nær horfið í fjöldann á ný. Mér er til efs að þetta framlag Litu Ford gleymist í brád.

Að því er ég best veit er Danc-

áttusöngva. Raddirnar gefa því skemmtilegan blæ og minna á hljómsveitina Slade. Gítarsóló Eddiear fullkomnar síðan lagið. Sára einfalt og passar fullkomlega við andann í lagið. Dálitið sem margar hljómsveitir mættu taka sér til fyrirmyndar. Þriðja góða lagið á þessari plötu er „I Wanna Rock“. Léttur rokkari sem gæti orðið vinsæll í samkvæmum rokkunnenda. Þetta er eina lagið á plötunni þar sem Dee Dee notar hraðann í söngnum. En hann getur miklu betur og er skaði að ekki skuli heyrast meira til hans. Síðasta lagið sem getur talist gott er „The Price“. Ósköp hlutlaust lag sem frekar er popp-rokkari en þungarokk, en vel gert og miklu betra en annað á plötunni.

Já, það sem ekki hefur verið minnst á eru „Burn In Hell“, „Horror-Teria“ og „The Beast“ svo eitthvað sé nefnt. Dee Dee er hér að reyna að byggja upp einhverja hræðilega hallærislega hryllings ímynd í kringum hljómsveitina. En honum fer betur að semja og syngja lög þar sem barátta, bros og lífsgleði ræður ríkjum. Lögina eru þung og sumstaðar hæg. Það virðist ekki vera á færi hljóðfærleikaranna að gera þetta svo því er betur sleppt.

Á heildina lítið er platan þokkaleg. Hljómgeðin eru ágæt en „sandið“ frekar þunnt. Dee Dee er góður söngvari svo lengi sem hann reynir ekki að dýpka röddina í einhverju bulli um helvíti og heimsóknir þangað.

ing On The Edge fyrsta breiðskifa Ford og vonandi ekki sú síðasta. Hér er kannski ekki alveg óheflað bárujárn á ferðinni en skrambi hressit rokk engu að síður og það í þyngru kantinum. Hvert þrumulagið rekur annað og það varð ég að segja hreint út, að ég hef aldrei heyrt jafn snjallan gítarleik frá rokkkvenndi — sumir gítarleikarar í þekktum sveitum mættu jafnvel vera stoltir af tilþrifunum. Auk þess að sjá um allan gítarleik á plötunni, syngur Ford og semur lögina að mestu. Einn aðstoðarmanna hennar, Jeff Lieb, semur hluta þeirra, ýmist einn eða með henni.

Ford er með ágæta menn með sér, Randy Castillo á trommur og Hugh McDonald á bassa, auk þess sem Aldo Nova og Robbie Kondor leika á hljóðgervla á plötunni. Þeirra framlag er þó afar lítt áberandi innan um öll gítarsólin og kröftuga rödd Ford. Þrátt fyrir góða aðstoðarmenn er það þáttur Ford, sem gefur plötunni það sterka yfirbragð, sem raun ber viti. Gítarinn er framarlega í hljóðblöndun og kemur vel út, sem og platan í heild.

Með Litu Ford held ég að kvenfólki hafi loksins rofið skarð í brimvörn karlreimsvina bárujárnrokkssins. Ég held að allir sannir unnendur þessarar tónlistar hljóti að fagna þessari plötu Litu Ford.



Sex listamenn sýna nú á Septem-sýningunni. A myndinni eru, talið frá vinstri: Jóhannes Jóhannesson, Guðmundur Benediktsson, Guðmunda Andrésdóttir, Valtýr Pétursson, Ari Kárasson, en hann var að aðstoða við að hengja upp sýninguna, og Kristján Davíðsson.

SEPTEMBER '84

Myndlist

Bragi Ásgeirsson

Þegar þetta er ritið, hefur Septem-sýningin staðið yfir í viku og uppskorið mikla athygli og góða aðsókn.

Þetta er í tólftha skiptið í röð, sem listhópurinn sýnir og er slíkt úthald með eindæmum í íslenskrá listasögu. Þá ber að geta þess, að elstu meðlimir hópsins mynduðu kjarna hinna svonefndu Haustsýninga í aldarfjórðung.

Flestir listhópar, sem stofnaðir hafa verið héraðs í kringum myndlist, hafa lifað sitt blómaskeið í örfá ár, en dagi svo uppi, jafnvel þótt þeir hafi markað drjúg spor í þróunarsögu íslenskrar myndlistar. En slíkt er ekkert einsdæmi og á sér ótal hliðstæður erlendis.

Margur mun hafa haldið, að án hins öfluga framlags Sigurjóns Ólafssonar á hvert myndi sýningarhópurinn draga saman seglin, en svo er ekki, því að þeir hafa fundið rétta tóninn í framhaldinu, þar sem er Guðmundur Benediktsson, myndhöggvari. Hann er gestur sýningarinnar í ár og hefur ekki í annan tíma verið betri né hressari. Guðmundur sýnir 10 skúlptúra unna í eir og gips, sem falla mjög vel inn í heildarmynd sýningarinnar, raska henni hvergi, en lyfta upp stemmningunni.

Guðmundur hefur hin síðari ár verið í stöðugri sókn sem myndhöggvari og fer það saman, að hann hefur haft rýmri tíma frá dagsins önn og þannig getað helgað sig myndlistinni af auknum

krafti. Það þýðir ei heldur að ætla sér að ná viðunandi árangri með því að dútla við hlutina hvort heldur er í skúlptúr eða málalist — hér gildir að fórn sé öllum.

Guðmundur hefur ekki unnið áður í gipsi en ferst það dável úr hendi einkum í mynd eins og nr. 59, en annars eru allar myndir hans mjög fjafngóðar og þannig mjög persónubundið, hverjar einkum taka hug sýningargestsins.

Það er risastórt málverk eftir Kristján Davíðsson, er blasir við sýningargestum, er inn í vestursal er komið. Málverkið er málað í minningu Ragnars Jónssonar í Smára, eins konar lífsóður í litum, línunum og formi. Einstaklega falleg mynd og máluð af innblásnum krafti og fjörleika. Smá fljúgandi form fylla mikið blátt rými líkast táknum um mann, er lét stjórna af hugarleiftrum, — blossandi tignaranda, er lét hvergi staðar numið í viðleitni sinni við að gera lífið öðrum fegurra.

Kristján er mjög öflugur á þessari sýningu og framlag hans því drjúgt.

Jóhannes Jóhannesson er einnig mjög öflugur í verum sínum, hann staðfestir hér enn einu sinni, hve traustur málari hann er — þáulvinnur myndir sínar, um leið og hann getur brugðið fyrir sig mjög skynrænum og upplifðum formum líkt og í litlu myndinni „Frá Búdum“ (10). Í myndinni „Kona og rautt form“ (15) samræmir hann gamla og nýja myndhugsun á skemmtilegan hátt — konan minnir á eldri myndir hans, en útfærslan á hin-

ar nýrri. Myndin er einna líkust endurskinni frá september-sýningunum gömlu.

Guðmunda Andrésdóttir kemst sterkar frá þessari sýningu en mörgum öðrum — myndir hennar, þótt nokkuð þungar séu í undirtóni, óvenju fjörlega málaðar og formið upplifað — en það er í hæsta máta vafasamt að setja myndir listakonunnar á sama stað og í fyrra — ekki eykur það á margbreytnina.

Valtýr Pétursson á langflestar myndirnar á sýningunni eða 19 talsins, en flestar eru þær litlar eða í meðalstærð. Hann mætti hressilegar til leiks í fyrra með stórum og öflugum myndum. Myndir hans í ár einkennast af húsa-, báta-, hafna- og kyrralífformum, en þó er undantekning í fjörum myndum, er hann hefur unnið upp úr gamalli módelteikningu. Þar kemst hann næst því að sýna þær sviptingar, sem komu fram í sumum myndum hans í fyrra. Loks ber að geta sjö mynda eftir hinn nýlátna meistara Óhlutbundna formsins Þorvald Skúlason. Framlag hans sýnir svo ekki verður um villst, að eldsálin bjó í honum fram undir það síðasta, þótt kraftarnir væru farnir að þverra. Hver sjánda mynd m.a. þrjár síðustu myndir hans, (22), (23), (24), sem ég sá ekki betur en væru óaritaðar. Allar eru þær vel málaðar, og ein þeirra minnir meira að segja á síðustu mynd Van Gogh, þótt gjörólík sé í formi, lit og útfærslu. Hér eru það dökk form á flugi inn í ljósið. Mögnuð mynd eins og svo margt, er kom frá hendi þessa ágæta listamanns.

Brenda Clarke: The Far Morning.
Útg. Hamlyn Paperbacks.

Elaine Heriot elst upp hjá frændfólki sínu í Englandi á fyrstu árum aldarinnar. Foreldrar hennar eru ólánsfólk, faðir hennar verður fyrir því að drepa vændiskonu. Öllu verra er þó að móðir hennar er gyðingur. Afstaðan til Elaine dregur dóm af því alla tíð. Þó að hér sé á ferðinni afþreyingarsaga sem er fyrirtaks skemmtileg er mjög svo virðingarvert hversu höfundurinn leggur sig fram um að lýsa ensku yfirstéttarsamfélagi á fyrstu áratugum aldarinnar, viðhorfi aðalsfólksins, þeim breytingum sem óhjákvæmilega fylgja í kjölfar heimssstyrjaldarinnar fyrri og því gyðingahatri sem blundar í Eng- lendingum þrátt fyrir allt. Þetta gerir höfundur vel og skilmerkilega. Því er hér ekki bara ástar- og örlagasaga Elaine Heriot, sem er skemmtilega dreginn persónuleiki og skýr, heldur er þjóðlífmynstr-



The sweet, sad
passing of a golden era
BRENDA CLARKE

inu fléttað verulega faglega inn í og þessi vefnaður tekst alveg þrýðilega.

Elaine Heriot er dulítið skrifin persóna af hálfu höfundar. Aerslafull og óstyrilát í bernsku og þær breytingar sem verða á karakter hennar: Hún verður bæði sæt og fin og nærgætin og getur hreint hvorki afborið að neita fólki um

nokkurn skapaðan hlut og sízt af öllu getur hún adhafst nokkuð sem gæti sært einhvern sem henni er vel við. Þess vegna trúlofast hún tveimur vinum sínum, öðrum leynilega, hinum opinberlega og lendir í mikilli klípu, þegar hún getur náttúrlega ekki gífst nema öðrum. Og hann er ekki aldeilis finn pappír, hálfþýzkur drjúli sem skammast sín í bland fyrir að konan er gyðingur í móðurætt. Og það dynur margt og mikið yfir Elaine áður en hún öðlast „hamingjuna“. Hún upplifir Þýzkaland á uppgangstíma nazista og þolir ótrúlegustu raunir. Svo fer allt vel að lokum. Það var ágætt. Og sagan er sem sagt bæði til fróðleiks og skemmtunar.

Evelyn Anthony: Albatross. Útg. Jove novel 1984.

Evelyn Anthony er ágætur afþreyingarhöfundur, og tekst þó að halda sér á bara bæridegu plani, þótt visast séu ekki fagurbókmenntir á ferð.

Sögupersónan er Davina, sem hefur starf að í leyniþjónustu Breta við góðan orðstír. Hún giftist á sínum tíma rússneskum kollega, sem flýði vestur og þeim var búinn gríðastaður í Ástralíu. En Rússanum er fyrirkomið og Davina snýr aftur heim, staðráðin að hefna harma sinna. Það er komið í ljós að

í innsta hring bresku leyniþjónustunnar er einhver á mála hjá Sovétmönnum og þrír menn liggja undir grun: James White, yfirmaður þjónustunnar, Humphrey Grant, næstædstur manna, og John Kidson, sem er einnig kvæntur systur Davinu.

Til að fá upplýsingar um hver svikarinn sé þarf Davina á öllu sínu að halda og vel það. Hún fær vinnu hjá auglýsingafyrirtæki Tony Waldens, til að hún verði ekki grunuð um að starfa fyrir leyniþjónustuna, þá væri líkast til allt unnið fyrir gíg.

Í Moskva er samskonar leikur leikinn, þar njósna allir um alla og menn og konur drepnir snarlega ef svik sannast — og jafnvel þótt ekkert sannast. Davina áttar sig á að svikarinn sem gengur undir dulnefninu Albatross er að smjúga þeim úr greipum og það er setið um líf hennar. Allt virðist leka út og engum að treysta.

Bráðspennandi bók með hæfilegri rómantískri blöndu.

